

# SKILVIRKARI OG SANNGJARNARI LÖGGJÖF

- INNAN RAMMA ÁRÓASAMNINGSINS OG EES-RÉTTAR -

**Arnar Þór Stefánsson hrl.**

**Erindi flutt á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands 30. apríl 2018**


# AÐDRAGANDI

- Ýmsir aðilar hafa lýst áhuga á því að þessi atriði verði skoðuð, þ.e. leiðir til auka skilvirkni og stytta málsmeðferðartíma fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála án aukinna fjárútgjalda.
- LEX hefur rekið fjölda mála fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og dómstólum af vettvangi mannvirkja- og skipulagslöggjafar. Stofan sérhæfir sig í þessum málaflokki

# ÚRSKURÐARNEFND UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

- Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) var sett á laggirnar 1. janúar 2012 með lögum nr. 130/2011.
- ÚUA hefur glímt við málshraðavandamál frá stofnun
- 6. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011
  - Nefndin skal kveða upp úrskurð eins fljótt og kostur er og **jafnan innan þriggja mánaða** frá því að málgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 5. mgr., en **innan sex mánaða** frá sama tímamarki sé mál viðamikið.
- Lögmæltir afgreiðslufrestir
  - Sá tími sem lögmæltur er til afgreiðslu mála telst nægjanlegur miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir við lagasetningu.
  - Rétt er að lögmæla afgreiðslutíma með tilliti til hagsmuna þeirra sem í hlut eiga.

# MÁLSHRAÐI ÚUA 2017



# ÁSTÆÐUR AÐ BAKI LÖNGUM MÁLSMEDFERÐARTÍMA

- Fjöldi kærumála meiri en gert var ráð fyrir við stofnun ÚUA.
- Fjölgun krafna um stöðvun framkvæmda/frestun réttaráhrifa
  - 15% innkominna mála 2012-2013
  - 30-40% undanfarin ár
- Viðamiklum málum hefur fjölgað

# TILLÖGUR LEX

1. Hóflegt kærugjald
2. Málskostnaðargjald vegna tilefnislausra kæra
3. Hóflegt tryggingargjald vegna stöðvunarkröfu
4. Þrengri skilyrði fyrir aðild umhverfisverndar- og útivistarsamtaka að kærumálum
5. Auknar heimildir til flýtimeðferðar

Allt tillögur sem rúmast innan ramma Árósasamningsins, sbr. einkum 9. gr. hans, en Ísland fullgilti samninginn í október 2011 og ríkið því þjóðaréttarlega skuldbundið af honum.

Rúmast einnig innan tilskipunar nr. 2011/92/ESB um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 11. gr. hennar, sem Ísland er skuldbundið af.

# 1. HÓFLEGT KÆRUGJALD

- Unnt er með lagabreytingu að gera þeim sem leggur fram kæru til ÚUA að leggja fram hóflegt kærugjald til ríkissjóðs við framlagningu kæru
- Núgildandi 7. gr. laga nr. 130/2011
  - „*Kostnaður vegna úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.*“
- Færri mál – Aukinn málshraði
- Fordæmi fyrir kærugjaldi víða í lögum og reglum
- Hægt að kveða á um að kærugjald skuli endurgreitt fallist úrskurðarnefndin á málatilbúnað kæranda í heild eða að hluta.
  - Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

## 2. MÁLSKOSTNAÐARGJALD

- Upptaka málskostnaðargjalds til ríkissjóðs **eða** gagnaðila í þeim tilvikum þegar kæra reynist bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framkvæmd.
  - 5. mgr. 4. gr. frumvarps til laga nr. 130/2011
- Töluvert hærri fjárhæð en kærugjald, sbr. tillaga 1.
- Samskonar ákvæði er að finna í 3. mgr. 111. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.
  - Aths. í frv. með 3. mgr. 97. gr. eldri laga nr. 84/2007 um opinber innkaup
    - „Ákvæðið er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir bersýnilega tilefnislausar kærur sem hafðar eru uppi í þeim tilgangi einum að tefja fyrir framgangi opinberra innkaupa,“



### 3. HÓFLEGT TRYGGINGARGJALD

- Upptaka hóflegs tryggingargjalds vegna stöðvunarkröfu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011
  - *„Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Kærandi getur þó krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi.“*
- 1. mgr. 30. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.
  - *„Setji gerðarbeiðandi ekki fullnægjandi tryggingu innan frests sem sýslumaður ákveður skal gerðin felld niður.“*
  - Fjárhæð tryggingar m.a. ákveðin með tilliti til þess tjóns, bæði beins og afleidds, sem stöðvun aðgerða með lögbanni kann að baka þeim sem því er beint að.

## 4. ÞRENGRI AÐILDARSKILYRÐI

- Til álita kemur að þrengja aðild umhverfisverndar- og útivistarsamtaka að ÚUA.
  - Skilyrði að slík samtök hafi látið sig mál varða á fyrri stigum þess.
- 1. másl. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011
  - Meginregla að þeir einir geta kært stjórnvaldsákvörðanir til ÚUA sem eiga lögvarða hagsmuni tengda ákvörðun sem kæra á.
  - Í samræmi við almennar reglur stjórnsluréttar.
- Undantekning í 2. másl. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011
  - Umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök með minnst 30 félagsmenn geta kært ákvörðanir er lúta að matsskyldu, framkvæmdaleyfisveitingu o.fl. án þess að sýna fram á lögvarða hagsmuni, enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.

## 4. ÞRENGRI AÐILDARSKILYRÐI FRH.

- Málaflokkar sem undanþáguheimild 2. másl. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 nær til eiga það sammerkt að lúta lagafyrirmælum um langt og vandað kynningar- og samráðsferli.
  - Markmið m.a. að gefa almenningi og hagsmunaaðilum færi á því að koma að athugasemdum snemma í ferlinu og gera framkvæmdaraðila kleift að bregðast tímanlega við.
- Íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila að þurfa að sæta kæru á lokastigi framkvæmdar vegna framkvæmdar sem hefur sætt löngu undirbúningsferli.
- Úrskurður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í máli nr. 6/2007 – í gildistíð eldri laga nr. 73/1997
  - „Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en kærandi máls þessa hafi fyrst með kæru til úrskurðarnefndarinnar komið á framfæri athugasemdum sínum vegna hins kærða deiliskipulags þó honum, líkt og öðrum íbúum í bæjarfélaginu, hafi gefist kostur á að tjá sig um tillöguna á kynningartíma hennar.“
  - Kæru vísað frá
  - Ekki sambærilegt ákvæði í nógildandi lögum

## 5. AUKNAR HEIMILDIR TIL FLÝTIMEÐFERÐAR

- Auknar heimildir til flýtimeðferðar mála sem varða verulega hagsmuni aðila, hvort sem er kærða eða kæranda.
- 2. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011
  - Ef fallist er á stöðvun framkvæmda skal mál sæta flýtimeðferð sé þess krafist af framkvæmdaraðila
  - Ætlunin að lágmarka það óhagræði sem stöðvun framkvæmda getur valdið framkvæmdaraðila.
- Álit UA í máli 2907/1999
  - Meginregla að afgreiða ber mál í þeirri tímaröð sem þau berast
  - Þó er heimilt að taka tillit til þess hversu brýn erindi teljast, hvers eðlis þau eru og hvert er umfang þeirra.
- Skýr lagaheimild dregur hugsanlega úr fjölda stöðvunarkrafna sem settar eru fram í þeim tilgangi einum að ná fram flýtimeðferð.

# KRÖFUR ÁRÓ SASAMNINGSINS

- Þriðja stoð Áró sasamningsins – Aðgangur að réttlátri málsmeðferð.
  - 11(1) gr. tilskipunar 2011/92/ESB fjallar einnig um aðgang að réttlátri málsmeðferð
- 2. mgr. 9. gr.: „...hagsmunir sérhverra frjálsra félagasamtaka sem uppfylla þau skilyrði sem vísað er til í 5. mgr. 2. gr. [skulu] taldir vera nægjanlegir með tilliti til a-liðar hér að framan“
- Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. Áró sasamningsins skal við meðferð máls samkvæmt 1.– 3. mgr. 9. gr. veita virk úrræði, þar á meðal með lögbanni þar sem við á, og skulu þau m.a. vera sanngjörn, réttlát og ekki óheyrilega dýr.
  - Markmiðið að almenningur sem málið varðar geti notið þeirra þátttökuréttinda sem tilskipunin og samningurinn mælir fyrir um.
  - Af því leiðir að kær-, málskostnaðar- og tryggingargjald verður að vera hófleg.
- Enn fremur skulu aðildarríki samkvæmt 5. mgr. 9. gr. Áró sasamningsins huga að því að koma á aðstoð til þess að fjárhagslegar hindranir standi ekki í vegi því að mál verði lagt fyrir stjórnvöld eða dómstóla.
  - Reglur um gjafsókn, sbr. XX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

# FRAMHALD

- Hugsanlegar lagabreytingar

- Kalla á samráð, valkosta- og áhrifamat.
- Samræmi við Árósasamninginn og alþjóðlegar skuldbindingar
- Líta þarf til þróunar í Evrópu, einkum á Norðurlöndunum.

- Önnur úrræði?

- Í fjárlögum 2018 er gert ráð fyrir aukafjárveitingu til ÚUA.
- 8,5 stöðugildi á árinu 2018 í stað 6,7 á árinu 2017 og 7 á árinu 2016.
  - *Frétt á heimasíðu ÚUA 12. janúar 2018*

TAKK FYRIR ÁHEYRNINA



LÖGMANNSTOFA